

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

14. ágúst 2025
UOS2501616/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. júlí 2025 – ID 219

Þann 4. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf. Hrauni, Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

- Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hafði ekki verið skilað.
Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað 8. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
- Krafa er um hreinsun frárennslisvatns sem nú rennur óhreinsað til sjávar.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

- Upplýsingar um fosfórinnihald í fóðri skulu fylgja ársyfirliti.
- Áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli er ekki til staðar.

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu:

- Fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Fullnægjandi umhverfisupplýsingum var skilað 8. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
- Fosfórlosun árið 2024 var umfram heimild í starfsleyfi.
- Hindra skal að fuglar sæki í útrás stöðvarinnar og hafist við, eða taki sér bólfestu, á athafnasvæðum rekstraraðila.

Rekstraraðili hefur nú þegar sent Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur, teymi eftirlits

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Sérfræðingur, teymi eftirlits